




---

**20** | **ÁRIÐ**  
**20** | **Í HNOTSKURN**

---





# Efnahagsmál

Sjaldan hafa efnahagshorfur breyst jafn hratt og í byrjun árs 2020. Gríðarleg óvissa ríkti um umfang, eðli og lengd sóttvarnaaðgerða og var ómögulegt að spá fyrir um efnahagsleg áhrif Covid-19.

Hagdeild ASÍ gerði strax í mars sviðsmyndir sem kynntar voru miðstjórn sambandsins en þá var áætlað að samdráttur í vergri landsframleiðslu árið 2020 gæti orðið á bilinu 5-8% ásamt því að atvinnuleysi myndi aukast hratt og verða á bilinu 7-9%

**Sögulegur samdráttur í landsframleiðslu mældist á öðrum ársfjórðungi þegar hagvöxtur var neikvæður um 9,3%.**

Lækkun vaxta, hlutabótaleið og ýmsar aðgerðir stjórnvalda urðu til þess að draga úr þungu höggi á efnahagslífið til skamms tíma. Engu að síður mældist sögulegur samdráttur í landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi þegar hagvöxtur var neikvæður um 9,3% frá fyrra ári. Þar af dróst einkaneysla saman um 8,3%, fjárfesting um 18,7% og útflutningur um 38,8%. Ljóst er að án inngripa stjórnvalda hefðu áhrifin orðið verri en ella.

Það að verðbólga varð ekki mikil og vextir lækkuðu er merki um að þunginn af áfallinu fari í gegnum vinnumarkað í formi vaxandi atvinnuleysis. Aðstæður á vinnumarkaði voru því viðkvæmar áður en Covid-19 gerði vart við sig á Íslandi og versnuðu hratt á vormánuðum. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi fór vaxandi yfir sumarið og hætta er á því að atvinnuleysi verði mikið á næsta ári. Áhrif Covid-19 á vinnumarkaði voru heldur ekki að fullu komin fram í tölum um almennt atvinnuleysi í sumar þar sem launafólk átti í flestum tilfellum 1-3 mánaða uppsagnarfrest og uppsagnir miðast við mánaðarmót.

Október 2019

ASÍ og BSRB stofna rannsóknarstofnun í vinnumarkaðsfræðum

Stýrivextir lækka í 3,25%

Palestínuferð ASÍ



# Aðgerðir á vinnumarkaði vegna Covid

Í byrjun kórónuveirufaraldursins var ASÍ í nánu samtali við stjórnvöld og atvinnurekendur um aðgerðir til að lina höggjð af breyttu samfélagi vegna smitvarna.

Hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli var mikilvægt úrræði en því var ætlað að aðstoða fyrirtæki að halda ráðningasambandi við starfsfólk sitt í stað þess að segja því upp. Markmiðið var að verja launafólk vegna samdráttar þannig að einstaklingar yrðu fyrir sem minnstum skaða, bæði fjárhagslegum og félagslegum.

Skerðing á starfshlutfalli varð að byggja á samkomulagi á milli fyrirtækis og einstaklings þar sem fram kom hver breyting á starfshlutfallinu var og til hvaða tímabils skerðingin náði. Atvinnurekanda var óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem samið var um.

Á fyrstu dögum úrræðisins sóttu ríflega 30 þúsund manns um hlutabætur vegna minnkaðs starfshlutfalls, flestir úr ferðaþjónustu en einnig töluverður fjöldi úr verslun og vöruflutningum. Fjöldi umsækjenda var hlutfallslega hærri á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Laun í sóttkví var annað mikilvægt úrræði og byggði á þriðliða yfirlýsingu ASÍ, SA og ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að hægja á útbreiðslu Covid-19. Lagt var fram frumvarp á Alþingi sem tryggði launarétt fólks sem þurfti að sæta sóttkví.

Meginreglan var sú að atvinnurekendur héldu áfram að greiða laun en ríkið endurgreiddi þeim allt nema launatengdu gjöldin. Þó að þessi aðgerð hafi ekki verið útgjaldamest var mikilvægt að koma þeim skilaboðum strax á framfæri að fólk væri tekjutryggt ef það þyrfti að fara í sóttkví.


**Markmiðið var að verja launafólk vegna samdráttar þannig að einstaklingar yrðu fyrir sem minnstum skaða.**

Nóvember 2019

Verðbólga 2,7% í nóvember

Stýrivextir lækka í 3%

Átak gegn kynbundnu ofbeldi



## Kjaramál

Þótt tekist hafi að ljúka heildarkjarasamningum við SA á árinu 2019 var nokkrum samningum ólokið. Þannig var kjarasamningur Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair laus frá 2018. Þegar kórónuveirufaraldurinn setti ferðaþjónustu og flugsamgöngur á ís í mars 2020 setti Icelandair mikinn þrýsting á FFÍ að breyta kjarasamningi milli aðilanna sem fólu í sér beina kjaraskerðingu.

Eftir langar og erfiðar samningaviðræður var skrifað undir nýjan kjarasamning í lok júní sem hafnað var af félagsmönnum í atkvæðagreiðslu. Viðræður hófust á ný en þann 17. júlí sleit Icelandair viðræðum, sagði upp öllum flugfreyjum og flugþjónum og boðaði kjarasamningsgerð við annað stéttarfélag. FFÍ hóf þegar undirbúning atkvæðagreiðslu um verkfall. Sáttasemjari kallaði þegar til fundar og 19. júlí var undirritaður nýr kjarasamningur. FFÍ afturkallaði atkvæðagreiðslu um verkfall og Icelandair dró uppsagnimar til baka.

Eftir stóð að ASÍ og FFÍ töldu að Icelandair með stuðningi SA hefðu af ásetningu brotið 4. gr., 11. gr. og 19. gr. laga nr. 80/1938. Miðstjórn ASÍ samþykkti að höfða mál til skaðabóta og refsingar fyrir Félagsdómi.

Um miðjan september óskaði Icelandair eftir viðræðum um sættir við ASÍ og FFÍ. Eftir viðræður sendu Icelandair, SA, FFÍ og ASÍ frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem Icelandair og SA gengust við því að hafa brotið þær leikreglur og lög sem gilda um samskipti á vinnumarkaði. Samhliða féllu ASÍ og FFÍ frá málssókn fyrir Félagsdómi. Ekki var fullkomin samstaða um málið í miðstjórn og greiddi annar varaforseti atkvæði gegn því að ljúka málinu með þessum hætti.

Um miðjan september óskaði Icelandair eftir viðræðum um sættir við ASÍ og FFÍ.

Desember 2019

Varða besta nafnið

ASÍ skorar á sveitarfélögin að hækka ekki gjöld

ASÍ styrkir Rauða krossinn fyrir jólin



# Atvinnumál

Atvinnuhorfur breyttust á einni nóttu þegar ljóst var að útbreiðsla Covid-19 yrði ekki stöðvuð nema með umfangsmiklum sóttvarnaðgerðum og ferðatakörkunum. Þá þegar hafði atvinnuleysi farið vaxandi í kjölfar gjaldþrots WOW air í mars 2019.

Áhrif Covid-19 skulu af fullum þunga á vinnumarkaðinn strax í marsmánuði. Almennt atvinnuleysi var 5,7% í mars, sem var það mesta síðan 2012, en það jafngildir því að 14.200 manns hafi verið án atvinnu. Því til viðbótar voru um 24.400 manns í skertu starfshlutfalli í mars, en lög um hlutabætur tóku gildi um miðjan mánuðinn. Samanlagt mældist atvinnuleysi því 9,2% í mars 2020 sem er svipað og þegar atvinnuleysið var mest í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Hlutaatvinnuleysi náði hámarki í apríl þegar tæplega 33 þúsund einstaklingar voru atvinnulausir að hluta. Samhliða rýmri sóttvarnareglum og minni útbreiðslu Covid-19 dró hratt úr hlutaatvinnuleysi í maí og júní. Stærstur hluti þeirra sem fór úr hlutaatvinnuleysi sneri aftur til vinnu. Þetta er til marks um mikilvægi hlutabótaúrræðisins sem dró úr neikvæðum áhrifum efnahagsáfallsins á atvinnuleysi. Í júlí hélt atvinnuleysi þó áfram að aukast en skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 7,9% í mánuðinum en hafði mælst 7,5% í júní.

Frekari ferðatakmarkanir tóku gildi í ágúst sem fólust í því að allir erlendir ferðamenn urðu að sæta fimm daga sóttkví og fara í tvöfalda skimun. Ljóst er að atvinnuleysi mun haldast hátt inn í veturinn og langtíma-atvinnulausum mun fjölga.

**Áhrif Covid-19 skulu af fullum þunga á vinnumarkaðinn strax í marsmánuði.**

Janúar 2020

SGS og sveitarfélögin skrifa undir kjarasamning

Undirbúningur fyrir verkfallsaðgerðir í borginni

Þjarg fær íbúðir afhentar 6 mánuðum á undan áætlun



## Rétta leiðin

**Framtíðarsýnin  
er sett fram í  
þremur liðum;  
bráðaaðgerðir,  
uppbygging  
til framtíðar  
og eftirfylgni.**

Alþýðusamband Íslands kynnti í maí framtíðarsýn um uppbyggingu Íslands undir yfirskriftinni *Rétta leiðin – frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll*. Tillögurnar eru í takti við stefnu alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar um réttlát umskipti (Just Transition) og sækja í alþjóðlega umræðu um grænan samfélagsáttmála (Green New Deal).

Stærsta ógnin við íslenskt efnahagslíf í kjölfar COVID-19 er tekjumissir fólks og langvarandi atvinnuleysi. Verkefnið núna er að tryggja fulla atvinnu og nýta atvinnusköpun og félagslegar aðgerðir til að byggja upp sterkt samfélag til framtíðar. Fjárhagslegur stuðningur við fyrirtæki nægir ekki einn og sér til að ná efnahagslífinu á strik. Fjármunirnir þurfa að rata beint til almennings til að tryggja ráðstöfunartekjur og koma í veg fyrir greiðsluvanda til frambúðar. Það er annars vegar gert með því að tryggja fulla atvinnu og framfærslu allra og hins vegar með því að efla opinbera innviði og þjónustu og gera hana gjaldfrjálsa. Með því viðhelst kaupmáttur heimilanna og innlend eftirspurn sem er mikilvæg forsenda þess að hjól atvinnulífsins taki aftur að snúast.

Framtíðarsýnin er sett fram í þremur liðum. Í fyrsta lagi er kveðið á um bráðaaðgerðir sem lúta að því að bjarga lífum, tryggja afkomu fólks og reisa varnir fyrir níkkissjóð. Í öðru lagi er sett fram sýn um uppbyggingu til framtíðar og í þriðja lagi er fjallað um eftirfylgni með þessum aðgerðum. Hægt er að nálgast bækling um Réttu leiðina á heimasíðu ASÍ.

Febrúar 2020

ASÍ og Isavia vinna saman að upplýsingagjöf

Stýrivextir lækkaðir í 2,75%

Stjórn VM ályktar vegna Rio Tinto



## Verðlag á tímum veirunnar

Verðbólga hækkaði um 3,2% á tólf mánaða tímabili frá ágúst 2019 til ágústs 2020 og hefur hún aukist nær jafnt og þétt frá því að Covid fór af stað í mars.

Stórir liðir í vísitölunni hafa hækkað töluvert á árinu og má þar nefna hækkun á mat- og drykkjarvöru um 6,2%. Húsnæði, hiti og rafmagn hefur hækkað um 2,6%. Aðrir áhrifaþættir á verðbólgu á þessu ári er veiking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum. Á móti kemur að heimsmarkaðsverð á hrávöru, þ.m.t. bensíni, er töluvert lægra en það var fyrir ári. Þá hefur minni eftirspurn eftir vörum og þjónustu almennt unnið á móti verðbólgu þótt eftirspurn hafi aukist í sumum tilfellum.

Minna dró úr innlendri eftirspurn en spáð var í kjölfar Covid en Íslendingar breyttu neyslu sinni í faraldrinum og eyða frekar peningum í vöru og þjónustu hér á landi en í ferðalög til útlanda.

Úttekt verðlagseftirlits ASÍ á húsnæðisvöxtum sýndi að húsnæðisvextir lánastofnananna, banka og lífeyrissjóða hafa lækkað umtalsvert frá ársbyrjun 2019. Hún sýndi einnig að viðskiptabankarnir hafa í sumum tilfellum tekið fram úr lífeyrissjóðunum og bjóða upp á betri vaxtakjör en lífeyrissjóðirnir, öfugt við það sem áður var. Stýrivaxtalækkun Seðlabankans úr 4,5% í 1% hefur skapað gott svigrúm til vaxtalækkana en stýrivextir hafa aldrei verið lægri en nú.

**Stórir liðir í vísitölunni hafa hækkað töluvert á árinu og má þar nefna hækkun á mat- og drykkjarvöru um 6,2%.**

Laun í sóttkví til að hægja á útbreiðslu Covid-19

Efling semur við borgina

Mars 2020

SGS og ríkið skrifa undir kjarasamning

Skrifstofa ASÍ lokar vegna Covid-19





## Bjarg

Útleiga á íbúðum Bjargs hefur gengið vel á árinu 2020 en á annað þúsund eru á biðlista eftir íbúð á vegum félagsins. Nú er félagið komið með 242 íbúðir í útleigu og fjölgar tilbúnum íbúðum hratt.

Breytingar voru gerðar á lögum um almennar íbúðir síðastliðin áramót (2019-20) þar sem tekjumörk vegna almennra íbúða voru hækkuð. Sú breyting hefur þó nokkur áhrif á leigutaka þar sem stærri hópur hefur nú tækifæri á að leigja íbúðir hjá Bjargi.

Í september 2020 var Bjarg með 371 íbúð í byggingu og framkvæmdir að hefjast við 57 til viðbótar á þessu ári. Þá hefur Bjarg fengið samþykki HMS vegna 390 íbúða sem eru á hönnunarstigi.

Íbúðir Bjargs í Reykjavík eru í Grafarvogi, Úlfarsárdal, Kirkjusandi, Vogabyggð, Bryggjuhverfi Grafarvogi, Skerjafirði, Árbæ og Selási. Þá byggir Bjarg íbúðir á Akureyri, Hamranesi í Hafnarfirði, Urriðaholti Garðabæ, Akranesi, Þorlákshöfn, Selfossi, Hveragerði og Grindavík. Heildarfjöldi íbúða sem hafa verið samþykktar af HMS eru 1.054.

Aukinn áhugi er hjá sveitarfélögum um samstarf við Bjarg og mun uppbygging halda áfram meðan þörf er fyrir hagkvæmar leiguíbúðir og ríki og sveitarfélög úthluta stofnframlögum til almennra íbúða.

Bjarg er íbúðaleigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er því ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Bjarg var stofnað af ASÍ og BSRB á 100 ára afmæli Alþýðusambandsins 2016.

**Í september 2020 var Bjarg með 371 íbúð í byggingu og framkvæmdir að hefjast við 57 til viðbótar á þessu ári.**

Apríl 2020

30 þúsund hafa sótt um hlutabætur

I. maí með öðru sniði

Maí 2020

Sólveig Anna nýr 2. varaforseti ASÍ

Atvinnuleysi eykst hratt

Algjör samstaða hjá flugfreyjum





# VIRK

VIRK hefur starfað í 12 ár og í september 2020 höfðu 18.600 einstaklingar hafið starfsendurhæfingu hjá VIRK. 2.092 einstaklingar komu nýir inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2019 og hafa ekki áður svo margir hafið starfsendurhæfingu á einu ári.

Aðstæður þeirra einstaklinga sem leita til VIRK eru misjafnar og starfsendurhæfingarátætlun þarf að sníða að þörfum hvers og eins. Um 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á þeim sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Konur eru 66% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra aukist síðustu árin.

1.428 einstaklingar útskrifuðust frá VIRK árið 2019 sem er metfjöldi útskrifta frá VIRK á einu ári. Við lok þjónustu fara langflestir í virka þátttöku á vinnumarkaði. Tæplega 11.200 einstaklingar hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi og af þeim hafa 8.600 farið í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Á árinu 2019 var ávinningur af starfi VIRK metinn um 20,5 milljarðar króna en rekstrarkostnaður sama árs var um 3,4 milljarðar. Stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu frá þjónustuaðilum fyrir skjólstæðinga VIRK.

**Á árinu 2019  
var ávinningur  
af starfi VIRK  
metinn um 20,5  
milljarðar króna.**

16 þúsund atvinnulausir - atvinnuþátttaka aldrei minni

Verðbólgan 2,6%

Júní 2020

ASÍ krefst hækkunar atvinnuleysisbóta

Formannafundur ASÍ





# Varða - rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

Öflugri rannsóknir á vinnumarkaði bæta þekkingu á lífsskilyrðum fólks og eru vegvísir að því markmiði að bæta þau. Norræn heildarsamtök launafólks hafa um árabil starfrækt rannsóknastofnanir á vinnumarkaði. Að slíkri fyrirmynd var *Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins* stofnuð í lok maí 2020, á grundvelli samkomulags Alþýðusambands Íslands og BSRB frá 2019.

Markmið Vörðu er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði vinnumarkaðar, félags – og efnahagsmála í víðum skilningi. Hlutverk hennar er m.a. að efla og stunda fræðilegar rannsóknir og kennslu, taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi rannsakenda, skapa rannsóknaaðstöðu, veita nemendum kost á að vinna rannsóknastörf á vegum stofnunarinnar, veita fræðilega ráðgjöf og upplýsingar, standa fyrir útgáfu efnis og miðlun þekkingar.

Varða hefur staðið fyrir hádegisfundum undir yfirskriftinni „Réttu leiðin“ í samstarfi við ASÍ og BSRB. Á fundunum er fræðileg umfjöllun fléttuð saman við reynslu af skipulögðu starfi verkalýðshreyfinga og annarra almennasamtaka hér á landi og um heim allan. Stofnunin heldur einnig úti Youtube rás og hlaðvarpi.

Í sumar var unnin rannsókn á stefnu alþjóðlegra baráttusamtaka launafólks í kjölfar kórónuveirufaraldursins með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Stofnunin stendur á haustmánuðum fyrir viðamikilli könnun á stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði með sérstakri áherslu á stöðu atvinnulausra.

Verkefnið fram undan er að þróa stofnunina frekar til að efla baráttu stéttarféлага fyrir bættum hag og auknum lífsgæðum með því að auka þekkingu og miðla hugmyndum.

**Markmið Vörðu er að vera vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði vinnumarkaðar, félags - og efnahagsmála.**

Júlí 2020

Ágúst 2020

Aðferðir Icelandair fordæmdar

Flugfreyjur fella kjarasamning

Flugfreyjur semja



## Listasafn ASÍ

Safnið stóð fyrir nokkrum sýningum í samstarfi við önnur söfn. LANDSLAG VÆRI LÍTILS VIRÐI ... er heitið á sýningu með landslagsmyndum í eigu Listasafns ASÍ og Nýlistasafnsins í Listasafni Borgarness. Á sýningunni voru landslagsmyndir, flestar úr Borgarfirði, úr safneign Listasafns ASÍ eftir Ásgrím Jónsson, Jón Þorleifsson, Jón Stefánsson og fl. Sýning á verkum Elínar Pjet. Bjarnason HANDANBIRTA/ANDANSBIRTA stóð fram á vor í Listasafninu á Akureyri.

ENDURSKOÐUN UPPGJÖR OG INNFRÁS ABSTRAKTSINS er nafnið á sýningu sem stendur yfir í Svavarsafni á Höfn í Hornafirði. Á sýningunni eru nokkur verk frá árunum 1941-49 eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur og Louisu Matthíasdóttur.

Vinnustaðasýningar safnsins eru nú á um 25 stöðum með tæplega 300 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu.

Hildigunnur Birgisdóttir var tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna 2020 fyrir sýningar sínar UNIVERSAL SUGAR í Vestmannaeyjum og Garðabæ sem haldnar voru af Listasafni ASÍ.

Hönnuðirnir Arnar&Arnar voru tilnefndir til verðlauna FÍT í flokknum Menningar- og viðburðamörkun fyrir hönnun sína á kynningarefni fyrir UNIVERSAL SUGAR og voru síðan sæmdir gullverðlaunum FÍT fyrir hönnun bókarinnar GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU. Þeir hönnuðu einnig nýja heimasíðu safnsins sem tekin var í notkun á árinu.

Í ár fær Listasafn ASÍ veglega styrki fyrir nokkur verkefni úr Myndlistarsjóði og Safnasjóði. Safnið fékk úthlutað styrk úr aukaúthlutun Safnasjóðs vegna Covid-19 fyrir verkefnið MIÐLUN MYNDLISTAR Á UNDRIVERÐUMTÍMUM sem felst í gerð myndlistarsýninga fyrir internetið.

**Vinnustaðasýningar safnsins eru nú á um 25 stöðum með tæplega 300 verkum víðs vegar um landið.**

Seðlabankinn spáir 7% samdrætti og 10% atvinnuleysi

Atvinnuleysi kemur ólíkt niður á hópum

Hlutabótaleiðin framlengd

September 2020



**Alþýðusamband Íslands**  
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík  
Sími: 535 5600  
[asi@asi.is](mailto:asi@asi.is)  
[www.asi.is](http://www.asi.is)

Reykjavík, október 2020